



Skógræktarfélag Reykjavíkur

Ársskýrsla

Skógræktarfélags Reykjavíkur 2012



Skógræktarfélag Reykjavíkur
Ellidavatni
110 Reykjavík
Sími: 564-1770

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Lykiltölur	6
Félagsmál	7
Starfsmenn	8
Rekstrarreikningur	9
Gróðursetningar	11
Jólatré.....	12
Heiðmörk	13
Jólamarkaður.....	17
Borgartré	17
Esja.....	18
Reynivellir.....	18
Fellsmörk	19
Atvinnuáttak.....	20
Fræðslu- og kynningarmál	21
Samstarfs- og styrktaraðilar	21
Skýrsla stjórnar á aðalfundi	22

Höfundar

Gústaf Jarl Viðarsson
Helgi Gíslason
Sigurjón Eyjólfsson
Sævar Hreiðarsson
Þróstur Ólafsson

Umsjón

Helgi Gíslason

Próförk og aðstoð við uppsetningu

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ljósmyndir

Edda Hersir
Hjalti Elíasson
Sævar Hreiðarsson

Inngangur

Á árinu var lokið við gerð nýs 10 ára rekstrarsamnings við Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur um Heiðmörk. Með samningnum hefur verið sköpuð traust umgjörð um rekstur svæðisins næstu árin og verður þjónustan í samræmi við fjárframlag til verkefnisins. Gerð samningsins hefur tekið langan tíma. Var hafist handa við hann 2006 og lokið um sl. áramót, eftir fimmtán drög. Helsta nýmæli þessa samnings miðað við þá sem áður hafa verið gerðir er að í fyrsta skipti hefur krónutala verið sett inn í Heiðmerkursamninga og skapar það grundvöll fyrir lengri tíma skipulagningu á rekstrinum. Helstu átökin í samningagerðinni sneru að grein um eignarrétt trjáanna í Heiðmörk og lyktaði þeim með því að skilið var við hana með þeim orðum að samningsaðilar væru ósammála um eignarhaldið.

Rekstur félagsins gekk þökkalega þó niðurstaða rekstrar hafi skilað 6 milljón kr. halla fyrir fjármagnstekjur, en 3,5 milljón kr. afgangi með þeim. Dregið var úr launagjöldum en rekstrargjöld vegna fasteigna og afskrifta hafa aukist. Það er tilkomið vegna bættrar eignastöðu félagsins með tilkomu lóðar á Suðurlandsbraut og skemmu félagsins sem nú hafa verið eignfærð hjá félaginu. Þá var ráðist í umtalsverða framkvæmd á varnargörðum í Fellsmörk, fyrir 5,3 milljónir kr. sem má teljast óvenjuleg aðgerð í hefðbundnum rekstri félagsins. Eignastaða félagsins er góð eða liðlega 250 milljón kr. Verkefnin voru áþekkt og áður og í magni gróðursetninga, grisjana, viðarframleiðslu og jólatrjáasölu sambærilegt við árið á undan. Umhirða Heiðmerkur var aukin verulega og má það þakka vöskum hópi sem kom til félagsins á vegum atvinnuátaksverkefna til viðbótar við hinn öfluga umhverfisstarfshóp Landsvirkjunar sem hefur stutt Skógræktarfélag Reykjavíkur dyggilega árum saman.

Verulegar breytingar urðu á starfsmannamálum. Á árinu létu af störfum Kristján Bjarnason, Ólafur E. Ólafsson og Jökull Guðmundsson. Eru þeim þökkuð störfin í þágu félagsins. Ráðnir voru skógfræðingarnir Sævar Hreiðarsson og Gústaf Jarl Viðarsson. Síðsumars var hafist handa við að ráða starfsfólk inn í samstarfsverkefni um atvinnuátak félagsins, Reykjavíkurborgar, Vinnuálastofnunar og Skógræktarfélags Íslands (innanríkisráðuneytis). Ráðnir voru tólf starfsmenn í mismunandi langan tíma eða 6-12 mánuði. Þetta er vaskur hópur sem sinnt hefur sínum störfum af kostgæfni fyrir félagið. Starfsmenn í sambærilegu atvinnuátaksverkefni, þó í skemmri tíma, unnu við umhirðu og viðhald í Vífilsstaðahlíð í samstarfi við Garðabæ.

Unnið var að stefnumarkandi verkefnum hjá félaginu. Stjórn og starfsmenn hafa unnið að stefnumótun félagsins til lengri tíma og er því verki að verða lokið. Þá hafa Reykjavíkurborg og Skógræktarfélag Reykjavíkur unnið að gerð skógræktarstefnu fyrir borgina og samhliða unnið þá stefnu inn í drög að aðalskipulagi borgarinnar, sem nú er í endurskoðun.

Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri.

Lykiltölur

	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Ársverk samtals	17,1	18	23,8	16,5	17,8	15,6
<i>Félags- og fræðslustarf</i>						
Félagar (í árslok)	1.242	1.174	1.169	1.176	1.172	1.077
Fræðsluerindi	6	17	23	17	6	2
Þátttakendur í fræðslu - áætlað	150	630	690	800	400	40
Viðburðir og móttökur	7	12	6	10	5	4
Barnastundir	10	30	30	30	30	16
Þátttakendur í viðb. og mótt.- áætlað	9.000	14.980	11.000	12.000	10.000	9.000
<i>Landnemar og sjálfbodaðliðar</i>						
Heiðmörk	135	138	140	140	140	141
Esjuhlíðar	2	2	2	2	2	2
Fellsmörk	42	42	37	37	37	37
Samtals	179	182	197	197	179	180
Móttaka landnemahópa		25	21	24	20	10
Fjöldi landnema við gróðursetningu		300	250	480	300	100
Fjöldi fyrirtækja við gróðursetningu		2	2	1	1	2
Fjöldi þátt. við gróðursetningu fyrirt.		60	60	60	60	50
Skólanemar, frætísla og sáning, gróðursett með Yrkju		344	0	0	420	0
<i>Skógræktarframkvæmdir</i>						
Gróðursettar plöntur	138.074	249.959	190.315	99.772	89.104	128.437
Nýir stígar (km)	2,7	0	0,5	0	0,4	0,3
Áburðargjöf (tonn)	3	3	0,5	1,5	2	2
Grisjun (ha)	9	6,2	4,5	4,8	4,6	7
Seld jólatré (stk.)	1.884	2.990	2.404	2.487	1.689	1.723
Trjákufl (laus m ³)	39	60	100	70	85	13
Bolviður (fastur m ³)		165	35	85	5	7
Eldiviður (fastur m ³)*frá 2011: fjöldi poka		2	6	19	3.771*	6.333
<i>Rekstrareiningar:</i>						
Heiðmörk 32 km ² , Fellsmörk, Esjuhlíðar 10 km ² , Reynivellir, Elliðavatnsbærinn 363,5 m ² , Fræðslusetur við Elliðavatn (eldri byggingar) 148,6 m ² , vélaskemma við Elliðavatn 422,4 m ² .						
Stígar (km)	39,2	41,9	42,4	42,4	42,8	43,1
Viðhald stíga (km) <small>(nýr liður 2010)</small>				0,5	1,5	10
Áningarstaðir	9	10	10	10	10	10
Borð og bekkir	40	40	40	35	30	31
Salerni	4	3	0	0	0	1
Ruslakassar	20	20	20	15	15	15
Grill	12	13	13	13	13	15
Esjuhlíðar, ný skilti	0	0	0	1	0	0
Heiðmörk, ný skilti	18	67	6	0	0	2
<i>Vélar og tæki:</i>						
Bílar (2), dráttarvél, útdráttarspil, sláttutraktor, snjósleði, sexhjól.						
Kerrur og vagnar	5	5	5	4	4	4
Keðjusagir	4	4	4	3	5	8
Skógarútkeyrsluvél				1	1	1
Eldiviðarkljúfur					1	1

Félagsmál

Félagatal

Fjöldi félaga í lok ársins var 1.077. Af skrá voru teknir 135 en 45 bættust við.

Stjórn

Formaður:	Pröstur Ólafsson
Varaformaður:	Aðalsteinn Sigurgeirsson
Ritari:	Lilja Guðmundsdóttir
Gjaldkeri:	Auður Jónsdóttir
Meðstjórnendur:	Gunnlaugur Claessen
	Inga Rósa Þórðardóttir
	Ólafur Sigurðsson
	Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Varastjórn

Hjalti Elíasson
Kristín Eiríksdóttir
Sigurður G. Tómasson
Þorsteinn Tómasson

Skoðunarmenn

Aðalmenn:	Sveinbjörn Dagfinnsson
	Þorvaldur S. Þorvaldsson
Varamenn:	Karl Eiríksson
	Sturla Snorrason
Endurskoðandi:	Einar Hafliði Einarsson



Starfsmenn

Eftirtaldir voru fastráðnir starfsmenn félagsins:

Gústaf Jarl Viðarsson
Helgi Gíslason
Jökull Guðmundsson
Kristján Bjarnason
Ólafur E. Ólafsson
Sævar Hreiðarsson
Sigurður Sigfússon

Skógfræðingur
Framkvæmdastjóri
Skógarmaður
Verkefnisstjóri
Skógarvörður
Skógfræðingur
Húsvarsla og ræstingar

Skipting ársverka

	2009		2010		2011		2012	
	Starfs- menn	Ársverk	Starfs- menn	Ársverk	Starfs- menn	Ársverk	Starfs- menn	Ársverk
Starfsmenn félagsins	12	6,0	5	5,0	5	4,7	4	3,5
Vinnuskólinn	50	4,6	50	4,6	15	1,3	15	1,3
Landsvirkjun	18	4,7	18	4,7	18	4,7	18	4,7
British volunteers	5	0,8	5	0,8	5	0,2	5	0,8
Atvinnuáttak	79	7,2	23	1,3	43	6,4	12	5
Grænu skrefin	5	0,5	1	0,1	0	0	0	0
Landnemar			540	0,5	360	0,3	100	0,1
Störf á jólavertíð			14	0,2	14	0,2	8	0,25
Samtals	169	23,8	656	18,2	461	17,8	161	15,65

Rekstrarreikningur


	2012	2011
Framlög	28.153.814	29.736.751
Innborguð félagsgjöld	1.455.097	1.536.600
Seldar vörur og þjónusta	17.018.209	15.407.826
Aðrar tekjur og styrkir til sérverkefna	17.180.845	16.799.582
Leigutekjur	2.808.999	2.392.898
Aðrar tekjur	0	602.114
	<u>66.616.964</u>	<u>66.475.771</u>
Rekstrargjöld		-
Laun og launatengd gjöld	(32.909.435)	(38.182.848)
Rekstur fasteigna	(6.604.002)	(5.642.931)
Viðhald og rekstur svæða	(14.665.824)	(14.073.403)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(7.900.967)	(8.209.145)
Annar rekstrarkostnaður	(2.167.983)	(1.936.218)
Jarðvinnsla við varnargarða	(5.317.958)	(477.977)
Afskriftir fastafjármuna	(3.178.650)	(2.260.580)
	<u>(72.744.819)</u>	<u>(70.783.102)</u>
Rekstrartap	(6.127.855)	(4.307.331)
Niðurfærð hlutabréfaeign	0	(5.347.391)
Fjármunatekjur	9.712.401	15.111.359
Fjármagnsgjöld	(148.332)	(365.155)
	<u>3.436.214</u>	<u>5.091.482</u>
Hagnaður ársins		

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

Eignir	31.12.2012	31.12.2011
Fastafjármunir		
-		
Fasteign og lóðaréttindi	73.022.000	25.470.000
Innréttingar, áhöld og tæki	11.503.422	13.754.072
Fjárfestingasjóður	170.209.713	165.769.747
	<u>254.735.135</u>	<u>204.993.819</u>
Veltufjármunir		
-		
Viðskiptakröfur	11.001.304	7.412.543
Bankainnistæður	6.430.810	12.158.641
	<u>17.432.114</u>	<u>19.571.184</u>
Eignir	<u>272.167.249</u>	<u>224.565.003</u>
Eigið fé og skuldir		
-		
Eigið fé		
Endurmatsreikningur	73.022.000	25.470.000
Höfuðstóll	190.232.256	185.868.041
Eigið fé	<u>263.254.256</u>	<u>211.338.041</u>
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	2.398.649	6.184.293
Aðrar skammtímaskuldir	6.514.344	4.869.085
Skuldir	<u>8.912.993</u>	<u>11.053.378</u>
Eigið fé og skuldir	<u>272.167.249</u>	<u>222.391.419</u>

Gróðursetningar

Gróðursetning 2012					
Tegund	Heiðmörk	Esja	Fellsmörk landnemar	Samtals	Yfirvetrað
Birki	3.203	28.605	5362	37.170	6.901
Blágreini	0	120		120	920
Sitkagreni/ bast	13.640	240	1796	15.676	13.000
Stafafura	30.790		387	31.177	5.293
Rússalerki	8.978	335		9.313	4.087
Jörfaviðir	160	400		560	440
Loðvíðir	0		854	854	
Alaskaviðir	0			0	
Gulvíðir	0		1063	1.063	
Reyniviður	14.940		1853	16.793	
Alaskaösp	5.005		906	5.911	
Ýmsar tegundir	9.400			9.400	
Skógarfura	0	400		400	3.240
Fjallaþinur	0			0	1.000
Hengibjörk	0			0	1.896
Lindifura	0			0	1.000
Samtals	86.116	30.100	12.221	128.437	37.777



Jólatré

Jólatré –sala	2009	2010	2011	2012
Heildsala	319	253	0	0
Jólaskógur	1.330	936	941	1.218
Tröpputré í Jólaskógi		35	0	5
Torgtré	25	9	10	13
Skólatré	15	13	12	8
Leikskólatré	5	6	8	7
Veggtré	56	59	30	17
Tröpputré í heildsölu		96	121	21
Tröpputré, Elliðavatni	254	270	226	118
Jólatré, Elliðavatni	400	371	341	316
Samtals	2.404	2.487	1.689	1.723

Jólatré –tegundir 2012	Stafaf.	Blágr.	Rauðgr.	Sitkagr.	Fjallap.	Samtals
Jólaskógur	881			337		1.218
Tröpputré, heildsala	17			4		21
Tröpputré í Jólaskóg	5					5
Torgtré				13		13
Skólatré	1			7		8
Leikskólatré	7					7
Veggtré			17			17
Tröpputré, Elliðavatni	71	16		25	6	118
Jólatré, Elliðavatni	189	101		13	13	316
Samtals	1.179	117	17	395	19	1.723



Heiðmörk

Starfsmannahald

Starfsmenn Skógræktarfélagssins til marga ára, þeir Ólafur Erling Ólafsson og Jökull Guðmundsson, létu af störfum um mitt árið. Til að fylla það skarð voru ráðnir til starfa Sævar Hreiðarsson og Gústaf Jarl Viðarsson, báðir menntaðir skógfræðingar og með reynslu af sambærilegum störfum.

Fyrri hluta ársins var fámennt í Heiðmörkinni, en fyrri part sumars voru ráðnir fleiri starfsmenn í samstarfi við Reykjavíkurborg. Eins og undanfarin ár hefur ungt fólk frá Vinnuskóla Reykjavíkur og Landsvirkjun unnið frábært starf við gróðursetningar og umhirðu friðlandsins. Yfir hásumarið voru á milli 20 og 30 manns að störfum í Heiðmörkinni. Frá hausti að áramótum hefur starfað í Heiðmörkinni 10 - 12 manna hópur sem hefur staðið sig með stakri þryði. Eins og mörg undanfarin ár komu í sumar bæði landnemar og sjálfboðaliðar sem hjálpa til við umhirðu og gróðursetningu í Heiðmörk.

Framkvæmdir

Á haustmánuðum var, í samvinnu við umhverfisdeild Garðabæjar, tekin ákvörðun um að fjarlægja grillin og skýlið við stóra bílastæðið í Vífilsstaðahlíðinni. Skýlið hafði þjónað sínum tilgangi til margra ára en bæði skýlið og grillin voru farin að láta á sjá. Við að fjarlægja skýlið birti yfir svæðinu og það varð opnara næst bílastæðinu. Eftir að skýlið, grillin og steinhellur höfðu verið fjarlægð var svæðið jafnað og lagðar þökur upp í hallann. Til stendur til að endurnýta hluta efnisins sem til féll við að reisa viðarskýli við starfsstöð Skógræktarfélagssins á Elliðavatni. Næsta sumar stendur til að bæta við minni áningarstöðum fjær bílastæðinu.

Þar sem til hafði fallið talsvert magn af steinhellum við framkvæmdir í Vífilsstaðahlíð, var tilvalið að leggja hellur framan við báðar innkeyrsludyrnar á skemmuni við Heimás. Frárennsli frá henni hefur ekki virkað sem skyldi og kom í ljós að siturlögnin var ófullnægjandi og var strax ráðist í úrbætur. Verkið var unnið af sama verktaka og hefur séð um framkvæmdir við stíg í Esjuhlíðum.

Til þess að geta sinnt viðhaldi á Elliðavatnsbæ og skemmuni var fjárfest í vinnupalli sem nýttist strax til þrifa og viðgerða á ljósum. Þakrennur á skemmuni eru ónýtar og stendur til að skipta um þær eftir því sem veður leyfir fljótlega eftir áramótin.

Starfsmenn Vinnuskólans framlengdu um 200 m göngustíg, sem liggur frá nýju bílastæði við Hjallabrautina og kemur til með að tengjast inn á stíginn sem liggur að Þjóðhátíðarlundinum.

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Grisjun (ha)	4,5	5,0	9,0	6,2	4,5	4,8	4,6	7,0
Gróðurs. (þús. pl.)	160	58	70	100	67	76	65	0,2
Göngustígar (km)	3,2	0	0	0	0,5	0	0,4	10

Grisjun

Eftir áramót og fram á vor var haldið áfram með grisjun á grenireit við Hjallabrautina og nokkra smáreitir af stafafuru við Heiðmerkurveg. Um mitt sumar var byrjað á fyrstu grisjun á stafafuru við Myllulæk í samvinnu við Orkuveituna. Áður en hafist var handa voru tæki yfirfarin sérstaklega til að útiloka mengun og eingöngu notast við umhverfisvænt alkylate bensín og lífræna olíu á keðjusaginnar. Að auki er þess alltaf gætt að hafa með til öryggis sérstakt sett af búnaði til hreinsunar sem umhverfiseild Orkuveitunnar útvegar. Í október og fram að jólum voru grisjaðir furu- og grenireitir í Vífilsstaðahlíðinni. Furan er nýtt til eldiviðarframleiðslu, en grenið sett í staðu sem til stendur að selja Elkem með milligöngu Skógræktar ríkisins. Bestu bolirnir er teknir frá, með það í huga að fletta í borðvið. Mjög tímabært er að grisja í Vífilsstaðahlíðinni. Það sama á við fleiri reiti í Heiðmörkinni og verður nóg að gera við grisjun þar næstu árin. Algengustu tegundirnar eru sitkagreni og stafafura en við grisjunina hafa komið í ljós þallir og þinir sem hafa verið gróðursettir undir skerm á sínum tíma. Eftir að grisjun er lokið er er hugmyndin að gróðursetja fleiri trjátegundir og runna í jaðra og inn í stærstu eyðurnar til að auka fjölbreytni skógarins.

Gróðursetning

Árið 2012 voru gróðursettar nálægt 90 þúsund plöntur í Heiðmörk og komu flestar plönturnar frá Barra með styrk frá Landgræðslusjóði. Að stærstum hluta var notast við íslenskt birki, sitkagreni og stafafuru en einnig var gróðursett skógarfura, blágreni, rússalerki, reyniviður, hengibjörk og gulvíðir.

Ungt fólk á vegum Vinnuskóla Reykjavíkur og Landsvirkjunar gróðursetti greni og furu inn í reiti sem hafa verið nýttir til að höggva úr jólatré undanfarin ár og eru staðsettir við Hjallabrautina og í Hjalladal. Einnig gróðursettu ungmennin þúsundir plantna á Háamel austan við Hjallabrautina, aðallega birki og sitkagreni. Síðsumars gróðursettu starfsmenn félagsins stafafuru og birki í rýra lyngmóa norðan við Strýpsveginn til móts við Skógarhlíð. Yfir þúsund lerkiplöntur voru settar niður á melana vestan við Vatnsveituveginn, þar af einn bakki af yrkinu Hrym. Hengibjörk var gróðursett austan við Vatnsveituveg í brekkuna neðan hrauns næst Heykrika.

Að hausti kom starfsfólk DHL í heimsókn á vegum Practical og gróðursetti birki, reyni og víði í brekkurnar sunnan megin við flatirnar í Hjalldal og á gisið svæði austan við bílastæðið.

Landnemar

Að venju komu landnemar í heimsókn til að vitja um sína reiti, meðal annars kom vaskur hópur manna frá bílaleigu Höldurs og gróðursettu birki, víði, sitkagreni og rússalerki í Löngubrekkur. Hópur landnema frá einni deild innan Landspítalans hafði ekki komið í Heiðmörkina í mörg ár en lét verða af því að kom í heimsókn í haust til að vitja um sinn reit og að endurvekja skógræktaráhugann.

Skógræktarfélagið minnir á að fundaraðstaða er landnemum að kostnaðarlausu í Gamla salnum og eru þeir alltaf velkomnir til skrafs og ráðagerða heim á bæ.

Göngustígar

Starfsfólk Vinnuskólans og Landsvirkjunar klipptu frá og hreinsuðu hátt í 10 km af gönguleiðum Heiðmerkur, sem var mjög vel að verki staðið og vonum við að eins vel gangi næsta sumar.

Fundað var með Þóroddi F. Þóroddssyni, formanni gönguskíðafélagsins Ullar. Fjallað var um framhald á gerð skíðabrautar. Eftir góðan fund var gengið eftir hluta leiðarinnar og fundin heppileg leið til að tengja saman og loka áfanga sem byrjað var á 2010. Reifaðar voru hugmyndir um að félagsmenn Ullar taki að sér að leggja hringlaga braut sem geti nýst til upphitunar og í tengslum við mögulegt mótahald í framtíðinni.

Nú þegar eru gönguleiðirnar í Heiðmörk til samans um 42 km eins og kom fram í síðustu ársskýrslu. Haldið er áfram að bæta við og leggja nýjar gönguleiðir en ekki er síður mikilvægt að sinna vel viðhaldi á þeim göngustígum sem fyrir eru. Fram að þessu hefur verið lagt malarefni í stígana sem reynist mjög vel en er kostnaðarsamt og kallar á aðflutning efnis. Víða hefur reynst vel að nota kurl sem undirlag í göngustíga og getur það trúlega hentað í einhvern hluta göngustíga Heiðmerkur, en kurl er að sjálfsögðu umhverfisvænt efni og þar að auki okkar eigin afurð.

Viðarafurðir

Framleiðsla og sala á eldivið jókst á milli ára en ekki náðist að framleiða kurl nógu snemma til að mæta eftirspurn sem er oftast bundin við vor og fyrri part sumars. Til að geta nýtt betur bestu bolina sem til falla við grisjun stendur til að fjárfesta í flettsög á næsta ári. Að geta flett bolina niður í borðvið mun auka verðmæti þeirra margfalt og opna leiðir inn á nýja markaði.

Afurðasala

Viðarafurðir seldar úr Heiðmörk	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Trjáskurl (sekkir m ³)	30	39	60	100	70	85	13
Bolviður (fastur m ³)	0	0	165	35	85	5	7
Eldiviður (m ³)/(frá og með 2011 er mælt í pokum)	0	0	2	6	19	3.771	6.333

Ellidavatnsbærinn

Skrifstofur Skógræktarfélagssins eru á Elliðavatni og einnig eru þar herbergi leigð til rithöfunda og undir starfsemi tengdri náttúruvernd. Meðal leigjenda eru tímaritaútgáfa í boði náttúrunnar – Guðbjargar Gissurardóttur, Avanika – Kristbjörg ehf. og vetrarskrifstofur Náttúruvannsóknarstöðvarinnar á Mývatni. Gamli salurinn er leigður undir fundi, námskeið og samkomur af ýmsu tagi og nýtist einnig vel á Jólamarkaði.

Skilti og áningarstaðir

Skiltin í Heiðmörk eru farin að láta á sjá og var byrjað að dytta að þeim síðsumars. Stóra skiltið við Rauðhóla var sett upp aftur en það hafði losnað af festingum fyrir nokkrum misserum. Klippt var frá skiltum næst Elliðavatnsbænum og þau máluð í

rauðum lit. Landnemaskiltin eru farin að týna tölunni og stendur til að halda áfram endurnýjun og viðgerðum á næsta ári. Nokkuð margir gestir lýsa ánægju sinni með fræðsluskiltin sem eru meðfram göngustígum, en um leið benda á að letrið sé víða orðið ólæsilegt.

Klósetthúsið við Helluvatn var ónothæft og tóku starfsmenn það í gegn og er það nú komið í gott lag. Húsið verður haft læst fyrst um sinn en mögulega haft opið yfir daginn næsta sumar en að auki verður kannski mögulegt að fá lánaðan lykil á skrifstofu ef nauðsyn krefur. Til stendur að yfirfara samskonar hús við Furulundinn.

Tækjakostur

Vel hefur gengið með tæki og tól félagsins þetta árið sem má þakka Hlyn Möller, sem hefur starfað hjá félaginu frá því í vor og séð um viðhald og viðgerðir fyrir okkur. Skoðaður hefur verið möguleiki á að kaupa mótur á viðarkleyf sem er vænlegur kostur og verður vonandi að veruleika á komandi ári. Einnig hefur verið í athugun að finna heppilegt tæki til að saga boli niður í borðvið. Með aukinni sölu á eldivið hefur þurft að stækka þurrklefa og bæta við viftu og rakatæki.

Jólaskógurinn

Til að koma á mótis við óskir Grýlu og Leppalúða var jólaskógurinn færður upp á Háamel vestan við Þjóðhátíðarlund. Var skógurinn opinn almenningi frá annarri helgi desember og allar helgar fram á Þorláksmessu. Jón Gnarr borgarstjóri mætti galvaskur fyrsta daginn og hjó sér myndarlegt tré með öxi. Hann heilsaði einnig upp á jólasveinana og aðstoðaði svo starfsmenn Skógræktarfélagsins við að tendra varðeld. Jólasveinar tóku vel á móti gestum með mandarínur fyrir börnin og var öllum boðið upp á kakó, kaffi og piparkökur. Svæðið sem valið var er að stórum hluta vaxið furu sem hentar vel því að flestir gestir velja að höggva sér furu, en um fjórðungur vill frekar greni.



Jólamarkaður

Jólamarkaðurinn á Elliðavatni var haldinn í sjötta sinn og var hann opinn fjórar helgar fyrir jól. Á markaðnum bauðst gestum og gangandi fjölbreytt úrval af handverki og jólatrjám af ýmsum stærðum og gerðum. Kaffihúsið í Gamla salnum var starfrækt, þar voru seldar veitingar og boðið upp á upplestur rithöfunda. Einnig var barnastund í rjóðri hvern dag markaðarins þar sem barnabókahöfundar lásu fyrir börn við varðeld og jólasveinn kíkti í heimsókn.

Ákveðið var að skapa nýja hefð á jólamarkaðnum, þ.e. að bjóða listamanni að gera skreytingu fyrir jólatré jólamarkaðarins. Það var handverkskonan Tinna Þórudóttir Þorvaldsdóttir sem hannaði og skapaði útlit jólatrésins. Síðan kveikti hún á trénu á við hátíðlega viðhöfn.

Markaðurinn var auglýstur í útvarpi, á Fésbók, í fjölmiðlum og með útgáfu Skógartíðinda sem sent var félagsmönnum. Aðsókn að markaðnum var góð, sérstaklega aðra og þriðju adventuhelgina.



Borgartré



Þriðja árið í röð var valið Borgartré í samstarfi við Reykjavíkurborg. Tilgangur þess er að vekja athygli á sérstöku tré sem þykir nauðsynlegt að varðveita og hlúa að í framtíðinni. Til greina geta komið tré af ýmsum ástæðum; vegna sögu sinnar, útlits, staðsetningar, tegundar o.fl. Með tilnefningunni fylgja upplýsingar um sögu viðkomandi trés og nýjar mælingar á því.

Borgartré ársins 2012 var gljávíðir (*Salix pentandra*) í Hressógarðinum. Það er um 6 metrar á hæð með fjóra meginstofna sem hver um sig eru 30 cm að þvermáli. Tréð hefur að öllum líkindum verið hærra áður en það féll á hliðina.

Tré þetta er merkilegt sökum sögu sinnar og garðsins sem það vex í. Hressógarðurinn er einn þekktasti einkagarður frá lokum nítjándu aldar. Það var Árni Thorsteinsson landfógeti sem ræktaði hann við Austurstræti í Reykjavík frá 1862. Garðurinn var stór og í honum ræktaði Árni fjölda plantna, sem aldrei fyrr höfðu verið ræktaðar hér á landi.

Garðurinn stóð óbreyttur fram á sjötta áratug síðustu aldar en þá var honum breytt með tilkomu Hressingarskálans. En segja mætti að Reykvíkingar hafi fengið að njóta þessa frumkvöðlastarfs í garðrækt í 150 ár. Gljávíðinn, sem er ein fárra uprunalegra plantna í garðinum, hefur Árni fengið frá Schierbeck landlækni og gróðursett um 1900. Á þessum 112 árum hefur hann séð tímana tvenna og lifað af breytingar á öllu umhverfi sínu. Fyrir nokkrum árum féll hann á hliðina í miklum stormi, en hefur náð að festa rætur að nýju og lifir við ágæta heilsu.

Esja

Gerðar voru endurbætur á hinum fjölfarna Esjustíg, var hann breikkaður og stígstæðið fært á ákveðnum kafla. Framkvæmdir þessar voru unnar til þess að auðvelda björgunarsveitum og sjúkraliði að sækja slasaða upp í fjall. Nýi stígurinn styttr því umtalsvert viðbragðstíma björgunaraðila því breytingarnar gera þeim kleift að keyra langleiðina upp á Esju með minna farartæki, eins og t.d. sexhjóli.

Gróðursettar voru 30.000 skógarplöntur í Esjuhlíðum haustið 2012 og var það blanda af birki, sitkagreni og stafafuru. Gróðursetningin fór fram í september – október og var framkvæmd af starfsmönnum skógræktarfélagsins og atvinnuátaksverkefna.



Reynivellir

Í desember var farið í þrjár ferðir til þess að sækja jólatré á Reynivelli. Meginþorri þeirra plantna var blágreni en einnig nokkrir fjallaþinir. Heildarfjöldi trjáa voru um 200 tré og voru þau seld á jólamarkaði við Elliðavatn.

Fellsmörk

Varnargarður

Mikil breyting varð á aðgengi fólks að Keldudalssvæðinu þar sem Haraldur í Álftagróf og Skógræktarfélagið byggðu upp nýjan varnargarð við Hafursá og gamla varnargarðurinn við Krókinn var endurbyggður og stefnunni breytt. Varnargarðurinn sem byggður var upp er um 500 m og liggur vegur eftir honum á um 250 m.

Girðingar

Girðing var sett upp frá Keldudalslæknum að Lambárgili, u.þ.b. 1 km, en áin hafði hreinsað frá girðingu á þessum kafla á árunum 2010 og 2011. Ágætlega gekk að halda straum á Keldudalsgirðinguni framan af sumri en þegar leið á varð lúpínan þess valdandi að erfitt var að halda straumnum á. Lúpínan hefur breitt talsvert úr sér við girðinguna. Á Felli voru staurar endurnýjaðir í u.þ.b. helmingi girðingarinnar.

Eitthvað af kindum var innan girðingar á Felli en fénaður frá Holti sækir mikið að Klifandabrunni og leitar þar undir þegar minnkar í ánni þar sem engin girðing er við Holtslandið. Vegslóði við Fell að Einbúa var lagfærður í vor og valtaður. Hélt hann þokkalegur þar til nú í haust þegar áin rann þar yfir að hluta. Þar sem Skógræktarfélagið þarf að standa að fjallskilum var gerð tilraun til að fá sjálfboðaliða frá landnemum í smölun í haust en enginn bauð sig fram.



Gróðursetningar

Gróðursettar voru liðlega 12 þúsund plöntur af sjö tegundum.

Tegund/Kvæmi	Fjöldi bakka	Bakka-gerð	Fjöldi plantna
Ilmbjörk	80	Fp67	5.362
Sitkagreni	45	Fp40	1.796
Stafafura	8	Fp67	387
Ilmreynir	53	Fp35	1.853
Gulvíðir	27	Fp40	1.063
Loðvíðir	21	Fp40	854
Alaskaösp	26	Fp35	906
Samtals			12.221

Atvinnuátak

Í júní hófst samstarfsverkefni við Reykjavíkurborg þar sem Skógræktarfélagið tekur við einstaklingum í atvinnuátaksverkefni.

Þátttakendur í þessu verkefni eru langtíma atvinnulausir sem eru flestir komnir á framfærslu sveitarfélags. Tilgangur þessa verkefnis er að virkja þáttakendur á vinnumarkaðinn að nýju og eru þeir hvattir til þess að vera virkir í atvinnuleit á meðan þeir eru í atvinnuátakinu.



Fyrsti hópurinn tók til starfa í júní. Samanstóð hann af sex einstaklingum sem fengu allir tólf mánaða samning, en tveir þeirra fengu aðra vinnu í lok sumars. Í ágúst var farið að taka við fleiri einstaklingum sem hver um sig hefur fengið 6 mánaða samning til starfa hjá Skógræktarfélaginu. Nokkrir hafa dottið út úr atvinnuátakinu, en í heild er þetta öflugur hópur sem samanstendur af fólki með ýmiskonar þekkingu og reynslu sem hefur reynst starfsemi félagsins verðmæt. Helstu verkefni þeirra felast í umhirðu í Heiðmörk, gróðursetningum, grisjun, viðgerðum og tilfallandi verkefnum. Starfsandinn í hópnum er góður og það er gaman er að sjá hversu góð og uppbyggileg áhrif skógarvinnan hefur á þáttakendur.

Fræðslu- og kynningarmál

Tekið var á móti hópum af finnsku og norsku skógarfólki úti í skógi sem var í skoðunarferð um íslenska skóga á vegum Skógræktarfélags Íslands. Einnig var tekið á móti grunn- og leikskólahópum um jólin sem komu að ná í jólatré fyrir sína skóla.



Frá námsdvöl framkvæmdastjóra í Kaupmannahöfn. Myndin sýnir náttúruskóla á Amager.

Samstarfs- og styrktaraðilar

Efla verkfræðistofa
Félag landnema í Fellsmörk
Háskóli Íslands
Hjólreiðafélag Reykjavíkur
Íslenski hesturinn
Landgræðslusjóður
Landgræðsluskógar
Landsvirkjun
Minningarsjóður Páls Gunnarssonar
Myndhöggvarafélag Reykjavíkur

Náttúruskóli Reykjavíkur
Norræna félagið
Orkuveita Reykjavíkur
Pokasjóður
Reykjavíkurborg
Skógrækt ríkisins
Skógræktarfélag Íslands
Vinumálastofnun
Vinnuskóli Reykjavíkur
Yrkja

Skýrsla stjórnar á aðalfundi

Fundarstjóri, góðir félagsmenn og aðrir fundarmenn

Enn eitt starfsár Skógræktarfélags Reykjavíkur er að baki. Það eitt er ekki tilefni til fagnaðarláta eða langra ræðuhalda. Hitt er rétt að ýmislegt gerðist á þessu ári sem vert er að gera grein fyrir.

Heildarafkoma félagsins var ekki fyllilega viðunandi á sl. ári. Tap varð á rekstri þess um 4 milljónir kr. Þótt heildarafkoma væri 5 milljón kr. í hagnað, því fjármagnstekjur unnu rekstrartapið upp og gott betur. Til lengdar er mikilvægt að reksturinn sé í jafnvægi en fjármagnstekjur verði nýttar til eflingar félagsins á öðrum sviðum, með því t.d. að byggja upp sjóð til kaupa á jörðum eða annarra fjárfestinga. Þótt efnahagur félagsins sé firna traustur sjáum við fram á ný tækifæri til kaupa á löndum og eflingu skógræktar innan borgarsvæðisins. Jafnframt kalla önnur svæði, svo sem Fellsmörk, á meiri útgjöld. Því miður þurfti að fækka starfsfólki á sl. ári. Löngu úreltur og staðnaður rekstrarsamningur um Heiðmörk er megin ástæða samdráttar og stöðunar í tekjum félagsins. Við höfum brugðist við þessu með því að draga úr þjónustu við svæðið og við höfum viðrað þá hugsun við landeigendur, hvort ekki sé kominn tími til að loka Heiðmörk um nætur fyrir bílaumferð, til að draga úr ágangi þar og úrgangi sem skilinn er eftir.

Ég hef árvisst haft uppi nokkur harmakvæli vegna rekstrarstöðunnar í Heiðmörk. Hún hefur verið og er algjörlega óviðunandi. Nú hefur náðst samkomulag við borgina og Orkuveituna um að ganga frá nýjum rekstrarsamningi fyrir októberlok. Þá hefur það orðið að samkomulagi við Garðabæ að reynt verði að gera rekstrarsamning við þá um þeirra hluta Heiðmerkur. Takist að klára þessa samninga um Heiðmörk á árinu, vonast ég til að harmakvæli mín um Heiðmörk hverfi úr skýrslu stjórnar á næsta aðalfundi. Jafnframt er það von okkar að við getum í framhaldi af nýjum rekstrarsamningum um Heiðmörk fjölgað aftur starfsfólki hjá félaginu.

Á aðalfundi okkar árið 2010 var gerð sérstök samþykkt um verndun og friðun Heiðmerkur, en núverandi náttúruverndarlög eru ekki talin ná til manngerðra skóga eins og eru að mestu leyti í Heiðmörk. Við fylgdum þessari samþykkt eftir með því að kynna efni hennar fyrir ráðherra, Umhverfisstofnun, landeigendum og fleirum. Á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins stendur nú yfir vinna að endurskoðun skógræktarlaga. Sá sem hér stendur á sæti í þeirri nefnd. Þar verður að finna ýmis ný ákvæði til að styrkja skógrækt m.a. verndar- og friðunarheimildir til skógræktarstjóra. Sum ákvæði þessara heimilda eru sérstaklega sniðin að manngerðum útivistarsvæðum eins og Heiðmörk. Verði tillögur nefndarinnar að lögum, fáum við upp í hendurnar öfluga viðspyrnu til að vinna að markmiði okkar, sem er friðun Heiðmerkur, friðun fyrir ágangi skipulagsyfirvalda og annarrar óæskilegrar landnýtingar sem gengur á náttúru og útivistarsvæði. Mikilvægast er þó að vinna það í sátt við sveitarfélögin og Orkuveituna, því án sáttar verður slík friðun alltaf umdeild og í hættu.

Öskjuhlíðin var í umræðu um miðjan desember sl. vegna umleitana Isavia um að „halaklippa“ hæstu barrtrén í Öskjuhlíð. Var sú beiðni studd rökum um flugöryggi flugbrauta. Eins og þið e.t.v. munið synjaði Umhverfis- og samgönguráð borgarinnar beiðninni, ekki hvað síst á grundvelli umsagnar stjórnar Skógræktarfélags Reykjavíkur, sem lagðist algjörlega á móti beiðninni. Það er ánægjulegt að sjá þegar umsagnir okkar og álit skipta sköpum.

Ég hef á undanförunum aðalfundum gert Fellsmörk og þeim vandræðagangi sem þar hefur ríkt, nokkur skil. Þið hafið heyrt það úr greinargerðum Fellsmerkunga í ársskýrslum félagsins undanfarin ár, að þeir hafa ekki verið sáttir við aðkomu okkar í

Fellsmörk. Þeir eru það heldur ekki nú. Nú í vetur höfum við sett nokkrar milljónir króna í gerð varnargarða og vega til austurhluta Fellsmerkur. Það er mikil framkvæmd sem leysa á vegamál á þeim slóðum til lengri tíma. Vonandi er þetta sú umferðarbót sem að hefur verið stefnt. Það er von okkar að garðar þessir muni þola áhlaup Hafursár næstu árin, þó vissulega sé ekkert vissst í þeim sökum.

Þá er vonast til þess að fljótlega verði hægt að hefjast handa við sambærilegar varnir gegn ágangi Klifanda að vestan. Það er að vísu um mun lengri varnargarð að ræða, enda umfangsmeiri og dýrari framkvæmd, þar sem m.a. fornminjar eru í húfi. Samningar okkar við landbúnaðarráðuneytið um Fellsmörk, sem gerðir voru 1985, hafa valdið okkur erfiðleikum í framkvæmd, einkum gagnvart landnemunum. Nýleg lög um frístundabyggðir stangast á við samning okkar við landbúnaðarráðuneytið, því samkvæmt þeim á landeigandi að vera leigusali. Því miður vill ráðuneytið enga ábyrgð á landinu bera, aðra en innheimta leigutekjur. Við buðumst því til að kaupa landsvæðið af ríkinu, en þáverandi landbúnaðarráðherra synjaði beiðni okkar. Við munum á ný bera upp erindi okkar við nýjan ráðherra.

Stjórn félagsins samþykkti sl. haust. að hefja vinnu að gerð stefnumótunar fyrir félagið. Hefur sú vinna gengið vel enda hefur röskur maður leitt þá vinnu. Til þess að gera það plagg sem best úr garði og átta okkur sem best á þeim tækifærum sem eru til staðar, höfum við átt viðræður við alla þá sem félagið á í samstarfi við utan félagsins. Ein hugmynd þessarar stefnumótunarvinnu var að húa saman fulltrúum skógræktarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og kanna hvort áhugi væri til samstarfs um sameiginleg málefni. Einkum snertir þetta skipulagsmál og framtíðar skógræktarsvæði, enda eru sum félögin orðin landlítil til skógræktar og aðþrengd af skipulagi. Skemmst er frá að segja að þessari hugmynd var afar vel tekið og er starfshópur félaganna þegar tekinn til starfa. Þegar rætt er um framtíðar skógræktarsvæði, þá erum við með hugann við hugsanlegt skógræktarsvæði sem liggur utanvið hefðbundið höfuðborgarsvæði að fjallahringnum sem afmarkast af Esju–Hengilsfjallgarði og Bláfjöllum.

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur einnig átt fundi með fulltrúum skipulagsviðs borgarinnar og farið með þeim yfir þau svæði sem hugsanleg skógræktarsvæði. Þau liggja einkum að og við Esjurætur og teygja sig upp og inn eftir fjallinu eins og gróðurmold og veðurfar leyfa. Þar er um all mikil landsvæði að ræða. Munum við í samstarfi við borgina semja skógræktaráætlun fyrir borgarlandið sem gæti orðið hluti af aðalskipulagi. Þá erum við að vona að deiliskipulag Heiðmerkur fari loks að sjá dagsins ljós. Þannig þokast málin áfram þótt vissulega sé það ekki alltaf á kjörhraða.

Til er gamall samningur við Hitaveituna um skógræktarsvæði innan Ölfusvatns-jarðarinnar í Grafningi. Það er jörð sem nú er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveitan hefur hug á að selja þá jörð eins og aðrar jarðir í hennar eigu. Við höfum ásamt Skógræktarfélagi Íslands boðist til að kaupa jörðina, en samningar hafa ekki tekist. Ef um semst munum við, í félagi við SÍ, festa kaup á jörðinni. Það yrði nýtt útivistarsvæði fyrir almenning á bökkum Þingvallavatns.

Ágætu félagsmenn, ég hef nú flutt skýrslu stjórnar félagsins um störf hennar á liðnu starfsári. Hún er vissulega ekki tæmandi, en Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri mun fylla upp í eftir þörfum. Ég vil þakka Helga og öðrum starfsmönnum félagsins mjög vel unnin störf á liðnu ári. Þá vil ég þakka endurskoðanda hans störf. Samstjórnarfólki mínu þakka ég ánægjulegt samstarf. Við sjáum nú á bak einum samstjórnarmanni okkar, Árna Bragasoni, sem kominn er til starfa á erlendri grund. Við færum honum þakki fyrir samstarfið og honum fylgja árnaðaróskir á nýjum vettvangi.

Ég óska okkur öllum góðs skógræktarárs. Þakka gott hljóð.

Pröstur Ólafsson, formaður stjórnar.



Skógræktarfélag Reykjavíkur þakkar ánægjulegt samstarf og stuðning borgarbúa undanfarna áratugi